

Eyrabakki 17.október 2019

Til kynningar fyrir Bæjarráð Árborgar / bt Tómas Ellert Tómasson

Rökkur- og aðventuverkefni á Eyrarbakka

Inngangur

Undanfarin sex ár höfum við hér á Eyrarbakka verið að þróa í sameiningu dagskrár tengdar rökkurinu með tónlist og sögum. Við nýtum sögur sem spruttu fyrir tíð rafmagns sem knúnar voru af ímyndunaraflinu á tímum myrkurs og kulda.

Það eru fáir staðir betri til framkalla fortíðartengdar upplifanir en okkar dásamlegi Eyrabakki, sem hefur upp á flest að bjóða bæði innan húss sem utan.

Þegar aðventan nálgast nýtum við gullnámu þjóðfræðingsins Árna Björnssonar um rökkurs - og kuldahefðir sem hitta í mark hjá öllum aldurshópum. Við bjóðum helgardagskrár að degi til fyrir fjölskyldur en líka sérsniðnar rökkur- og aðventudagskrár fyrir vinnustaða- og vinahópa.

Samstarfaðilar eru Byggðasafn Árnesinga, Húsið, Bakkastofa, Eyrarbyggjakirkja, Rauða húsið og Bakki hostel.

Sjá nánar á www.bakkastofa.com & <https://www.bakkastofa.com/roekkur dagar>

Við öll leggjum áherslu á að tengja andans fóður við mat í maga með áherslu á upprifjun á þjóðlegum siðum og gildi hefða gegnum tíðina fyrir landann til að þreyja þorrann dimmustu og köldustu mánuðina.

Erindi

Hugmynd að verkefni sem vekja mun athygli á jólaþorpinu Eyrarbakka á skapandi hátt.

Við á Bakkanum segjum gjarnan gestum okkar að Eyrargatan (Búðarstígur Eyrargata, Háeyrarvelli, Mekissteynsvellir) sé með lengstu aðalgötum á landinu ef ekki sú lengsta. Gatan liggur samhliða sjávarsíðunni og þegar litið er á milli enda í myrkri mynda ljósastaurar norða götu ljóslínu svo langt sem augað eygir.

Nú leitum við leiða til að nýta ljósastaurana í þágu jólaþorpsins út frá gullnámu Árna Björnssonar (Saga daganna). Í bókinni telur Árni upp á átunda tug jólasveina með öllum sínum sérkennum og uppruna.

Hugmyndin er að vinna með Fangelsinu að gerð merkinga með nöfnum þessara jólavætta sem festar verða ofarlega með hulsum á ljósastaurana svo luktirnar lýsi merkingarnar upp.

Forstöðumaður fangelsins kom strax með hugmynd sem verkstæðið getur útfært en en annar verkstjórnanna þar er nýráðinn myndlistarmaður frá Stokkseyri og hinn með árlanga reynslu. Stefnan er að nýta viðarmerkingar með vatnsvörðu lakki yfir merkingar / nöfn jólavættanna.

Mánudaginn 21. október munum við hittast á samráðsfundi og í kjölfarið verður unnin kostnaðaráætlun vegna vinnu og efniskostnaðar Fangelsins.

Auk þess kostnaðar verður vinna við uppsetningu sem framkvæmdasvið Árborgar getur vonandi komið að.

Við í samstarfshópnum teljum að verkefni geti reynst kraftmikl og jákvæð markaðssetning fyrir þorpið sem fanga mun athygli og varpa birtu á sérstöðu þess. Þá myndi verkefnið líka geta nýtt í þágu aukinna verkefna fyrir Fangelsið og með því að gefa fleiri þorpum / sveitarfélögum hugmynd að sambærilegum lausnum.

Þegar kostnaðaráætlun liggur fyrir munum við í samstarfshópnum leita fjárhagsstuðnings sveitarfélagsins til að raungera hugmyndina.

Fyrir hönd samstarfshópsins

Ásta Krístrún Ragnarsdóttir

Sími 821-2428

www.bakkastofa.com

bakkastofa@gmail.com